

**BORGARRÁÐ 9. mars 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um skýrslu KPMG um framtíðarhögun borgarskjalasafns – PON23010028**

Kynnt hefur verið skýrsla frá KPMG um Borgarskjalasafn þar sem lagt er til að staða safnsins geti ekki verið óbreytt. Í kjölfarið lagði borgarstjóri fram tillögu um að leggja niður safnið sem samþykkt var af meirihlutanum 7. mars. Flokkur fólksins óskar upplýsinga um kostnað við gerð þessarar skýrslu. Spurt er einnig: Komu önnur greiningarfyrirtæki til greina eða var rætt við önnur greiningarfyrirtæki um úttekt á Borgarskjalasafni? Var útboð?